

3584. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, fimmtudaginn 16. janúar 2025 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2501182 - Afskriftir vegna ársins 2024

Tillaga fjármálastjóra um afskriftir á árinu 2024, samtals að fjárhæð kr. 3.917.588. Um er að ræða kröfur þar sem innheimtuaðgerðir hafa ekki borið árangur, fyrirbyggjandi er mat um árangursleysi og í sumum tilvikum eru kröfurnar fyrndar.

Kristjana Helga Ólafsdóttir fjármálastjóri situr fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir tillögu fjármálastjóra um afskriftir krafna vegna ársins 2024 samtals að fjárhæð kr. 3.917.588. Um er að ræða skuldir þar sem fyrir liggja árangurslausar innheimtuaðgerðir og kröfur í flestum tilfellum fyrndar. Í einhverjum tilvikum verða málin áfram í kröfuvakt. Um er að ræða ýmsar tegundir krafna m.a. skuld sem ekki fékkst greidd úr eignalausum dánarbúi. Elstu skuldinar eru frá árinu 2019.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð leggur áherslu á skjalfestingu allra ferla vegna meðferðar krafna af þeim toga sem afskrifaðar eru nú og ferlarnir verði kynntir í bæjarráði og viðeigandi fagráðum.

Samþykkt 3:0

Kristjana Helga Ólafsdóttir vikur af fundi.

2. 2312188 - Úttekt á rekstri og fjárhag

Málið var til umfjöllunar á fundi bæjarráðs þann 19. desember 2024 og gert ráð fyrir að taka það upp að nýju á fyrsta fundi ráðsins þann 16. janúar 2025.

Stefnt að því að vinna bæjarfulltrúa við fjárhagslega markmiðasetningu haldi áfram og fyrsti vinnufundur verði þann 11. febrúar nk. í kjölfar reglulegs bæjarstjórnarfundar. Þar verði m.a. sett upp fundaðætlun og tímsetning um hvenær vinnunni ljúki með samþykkt markmiðanna með fari í gegnum tvær umræður í bæjarstjórn.

Samþykkt 3:0

3. 2408266 - Akralundur 59 - skil á lóð.

Forsvarsmenn BS-eignir ehf. óska eftir að skila lóðinni Akralundi 59 sem bæjarráð úthlutaði þeim á fundi 27. september sl. Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum lið sem og undir dagskrárlíðum nr. 4 til og með 9.

Bæjarráð telur að samkvæmt lögum, reglum Akraneskaupstaðar og útboðsskilmálum, hvíli ekki skylda á Akraneskaupstað til að samþykka beiðni lóðarhafa um skil á lóðinni og endurgreiðslu þess hluta gjaldanna. Þrátt fyrir framangreint felur bæjarráð sviðsstjórum stjórnarsýslu- og fjármálasviðs og skipulags- og umhverfissviðs, miðað við aðstæður í málinu, að ræða við lóðarhafa um beiðnina þ.m.t. hvort forsendur séu til að gera samkomulag um skil lóðarinnar og fyrirkomulag um endurgreiðslu gatnagerðargjaldsins.

Samþykkt 3:0

4. 2407166 - Lóðir við Lækjarflóa - ósk um framlengingu á samningum

Farið yfir ósk Merkjaklappar um framlengingu á samningum vegna Lækjarflóa 2, 4, 6, 8, 16 og 18 og 22.

Forsvarsmenn Merkjaklappar, Alexander Eiriksson og Guðmundur Sveinn Einarsson sitja fundinn undir þessum dagskrárlíð.

Bæjarráð þakkar gestum fyrir komuna á fundinn.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

Gestir víkja af fundi.

5. 2501065 - Drög að samþykki um gæluðýrahald á Vesturlandi og í Kjósarhreppi

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands - drög að samþykki um gæluðýrahald á Vesturlandi og í Kjósarhreppi.

Bæjarráð vísar samþykktinni til skipulags- og umhverfisráðs sem skili umsögn Akraneskaupstaðar til Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Samþykkt 3:0

6. 2411193 - Tilboðsgögn Miðbæjarreitir - Suðurgata 57, Suðurgata 47, Skólabraut 24

Tilboðsgögn vegna sölu á Suðurgötu 57,47,47a og Skólabraut 24.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi aðferðarfræði vegna fyrirhugaðs útboðs vegna Suðurgötu nr. 57, nr. 47, 47a og Skólabrautar nr. 24 og vísar málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

7. 2402179 - Tjarnarskógar 2 - skil á lóð.

Lóðarhafi óskar eftir að skila lóðinni að Tjarnarskógum 2.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi fyrirkomulag og felur bæjarstjóra frágang málsins.

Samþykkt 3:0

8. 2501216 - Viljayfirlýsing vegna uppbyggingar á Smiðjuvöllum

Viljayfirlýsing vegna uppbyggingar á Smiðjuvöllum.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins sem komi svo að nýju til afgreiðslu bæjarráðs.

Samþykkt 3:0

9. 2303217 - Brú hses - Skógarlundur 42, stofnframlag vegna íbúðakjarna 2023

Yfirferð um stöðu framkvæmda o.fl.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins og að það komi að nýju fyrir næsta fund bæjarráðs þann 30. janúar nk.

Samþykkt 3:0

Sigurður Páll Harðarson víkur af fundi.

10. 2412040 - Reglur um heilsueflingarstyrk

Lagt er til að reglur um heilsueflingarstyrk verði gerðar skýrari og aðgengilegar á heimasíðu Akraneskaupstaðar.

Bæjarráð samþykkir reglur Akraneskaupstaðar um heilsueflingarstyrk.

Samþykkt 3:0

11. 2409125 - Ráðning viðburðastjóra 2025

Lagt er til endurráðning viðburðastjóra frá árinu 2024.

Bæjarráð óskar eftir nánari greiningu sem liggur að baki þeirri fjárhæð sem lögð er til grundvallar ráðningu viðburðastjóra.

Málið komi að nýju fyrir næsta fund bæjarráðs þann 30. janúar næstkomandi.

Samþykkt 3:0

12. 2501082 - Afnot af húsnæði Akraneskaupstaðar fyrir myndlistarnámskeið 2025

Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að heimila endurgjaldslaus afnot af húsnæði Akraneskaupstaðar vegna myndlistarnámskeiðs 2025. Námskeiðið verður í 10 vikur og skráningar mun fara fram í gegnum Abler.

Bæjarráð heimilar afnotin sem slík en telur sig ekki geta gert það án endurgjalds. Bæjarráð felur sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs í samvinnu við forstöðumann íþróttamannvirkja og íþróttamála að útfæra gjaldtökuna.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:25.